



Starfsgreinasamband
Íslands

Kjarasamningur Starfsgreinasambands Íslands og Bændasamtaka Íslands

1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022

Starfsgreinasambandið er fjölmennasta landssamband verkafólks á Íslandi og stærsta sambandið innan ASÍ, með samtals um 68.000 félagsmenn.

Meginhlutverk Starfsgreinasambandsins er að sameina verkalýðsfélög í baráttunni fyrir bættum kjörum og standa vörð um áunnin réttindi og vera leiðandi afl innan verkalýðshreyfingarinnar og vettvangur umræðu um þróun samfélagsins í þágu launafólks.

Fylgstu með breytingum á launakjörum og nýjustu fréttum á www.sgs.is

Kjarasamningur

milli Starfsgreinasambands Íslands og Bændasamtaka Íslands

**um kaup og kjör starfsmanna sem vinna
almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum**

Gildistími 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022

Heildarútgáfa samningsins byggir á kjarasamningi SGS og SA undirrituðum
3. apríl 2019.

Samningur milli Starfsgreinasambands Íslands og Bændasamtaka Íslands um kaup og kjör starfsmanna sem vinna almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum skv.

1. gr. samningsins.

1. gr. Samningssvið

Samningur þessi nær til starfsmanna sem vinna við almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum, sjá fylgiskjal I. Auk þess falla ráðskonur/matráðar á bændabýlum undir samninginn.

Samningurinn nær ekki til þeirra starfsmanna sem starfa við ferðaþjónustu eða aðra starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda skilgreiningu. Starfsmenn, sem starfa við ferðaþjónustu í smærri stíl, geta þó fallið undir gildissvið samningsins enda sé það samþykkt af hálfu viðkomandi stéttarfélags.

Kjarasamningar Samtaka atvinnulífsins (SA) og Starfsgreinasambands Íslands vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi sem undirritaðir voru þann 3. apríl 2019 skulu gilda fyrir ferðaþjónustubændur.

2. gr. Launakjör

Laun skulu miðast við 10. launaflokk í launatöflu Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins í kjarasamningi sem undirritaður var þann 3. apríl 2019.

Hækkun vegna náms/námskeiðs sem nýtist í starfi getur orðið allt að tveimur launaflokkum.

Starfsmaður sem lokið hefur námi að lágmarki 40 klst./60 kest. (5 einingar) og viðurkennt er af samningsaðilum getur hækkað um einn launaflokk.

Starfsmaður sem lokið hefur námi að lágmarki 80 klst./120 kest. (10. einingar) og viðurkennt er af samningsaðilum getur hækkað um tvo launaflokka.

Þá skulu starfsmenn sem lokið hafa viðurkenndu námi á framhaldsskólastigi (a.m.k. 70 einingar) í búfræði, fiskeldi eða tamningum raðast í launaflokk 17.

Við mat á starfsaldri til launa telst 22 ára aldur jafngilda eins árs starfi í starfsgrein. Við röðun í launatöflu skal starfsaldur í greininni jafnframt metinn til hækkunar í launatöflu.

Launaflokkur 10

1. apríl 2019 - 31. mars 2020

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	295.131	297.237	299.376	301.546
Dagvinnulaun	1.702,71	1.714,86	1.727,20	1.739,72
Yfirvinnulaun	3.064,94	3.086,81	3.109,02	3.131,56
Stórhátiðarkaup	4.058,05	4.087,01	4.116,42	4.146,26

1. apríl 2020 - 31. des 2020

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	319.131	321.237	323.376	325.546
Dagvinnulaun	1.841,18	1.853,33	1.865,67	1.878,19
Yfirvinnulaun	3.314,18	3.336,05	3.358,26	3.380,80
Stórhátíðarkaup	4.388,05	4.417,01	4.446,42	4.476,26

1. jan 2021 - 31. des 2021

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	343.131	345.237	347.376	349.546
Dagvinnulaun	1.979,64	1.991,79	2.004,13	2.016,65
Yfirvinnulaun	3.563,42	3.585,29	3.607,50	3.630,04
Stórhátíðarkaup	4.718,05	4.747,01	4.776,42	4.806,26

1. jan. 2022 - 1. nóv 2022

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	368.131	370.237	372.376	374.546
Dagvinnulaun	2.123,87	2.136,02	2.148,36	2.160,88
Yfirvinnulaun	3.823,04	3.844,91	3.867,12	3.889,66
Stórhátíðarkaup	5.061,80	5.090,76	5.120,17	5.150,01

Laun þessi miðast við að unnið sé í dagvinnu.

Virkur vinnutími í dagvinnu á viku skal vera 37 klst. og 5 mín. og skal vinnutíma hagað sem hér segir:

- a) kl. 07:55 – 17:00 mánudaga til föstudaga.
- b) kl. 07:30 – 16:35 mánudaga til föstudaga.

Samningsbundin yfirvinna hefst þegar lokið er umsaminni dagvinnu, 7 klst. og 25 mín. virkum vinnustundum á ofangreindu tímabili. Fyrir vinnu á laugardögum, sunnudögum og öðrum samningsbundnum fríðögum greiðist yfirvinnukaup. Vinna umfram 173,33 dagvinnustundir á mánuði skal greidd með yfirvinnukaupi. Sé unnið á dögum sem skilgreindir eru sem stórhátíðardagar í aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins skal greiða starfsmönnum stórhátíðarkaup.

Heimilt er að haga dagvinnutíma með öðrum hætti, sbr. 5. kafla um fyrirtækjapátt kjara-samninga í aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins ef vinnuveitandi og starfsmenn koma sér saman um það. Þó skal dagvinna hvers starfsmanns unnin með samfelldri vinnuskipan á degi hverjum og aldrei hefjast fyrir en kl. 07:00.

Í sértökum tilvikum er heimilt að semja um rofinn vinnutíma ef skipulag búreksturs krefst slíks, sbr. 2. mgr. 12. gr. Sé það gert skal dagvinna ekki hefjast fyrr en kl. 07:00 og eigi standa lengur en til kl. 19:00. Dagvinna getur þó ekki staðið lengur en 7 klst. og 25 mín. (virkar vinnustundir) á þessu tímabili.

Upphaf dagvinnu hvers starfsmanns skal ákveðið í ráðningarsamningi hans og verður ekki breytt nema að undangenginni uppsögn eða með samkomulagi.

Í kjarasamningi þessum miðast byrjunarlaun við að starfsmaður hafi náð 18 ára aldri og öðlast hæfni til að sinna viðkomandi starfi. Þjálfunartími miðast að hámarki við við 300 klst. hjá atvinnurekenda eða 500 klst. í starfsgrein eftir að 16 ára aldri er náð.

Aldursþrep ungmenna undir 18 ára miðast við fæðingarár.

Grunnlaun unglinga skulu vera sem hér segir:

1. apríl 2019 - 31. maí 2020

18 ára	280.374 kr.	eða 95% af byrjunarlaunum
17 ára	262.667 kr.	eða 89% af byrjunarlaunum
16 ára	247.910 kr.	eða 84% af byrjunarlaunum
15 ára	209.543 kr.	eða 71% af byrjunarlaunum
14 ára	182.981 kr.	eða 62% af byrjunarlaunum

1. apríl 2020 - 31. des 2020

18 ára	303.174 kr.	eða 95% af byrjunarlaunum
17 ára	284.027 kr.	eða 89% af byrjunarlaunum
16 ára	268.070 kr.	eða 84% af byrjunarlaunum
15 ára	226.583 kr.	eða 71% af byrjunarlaunum
14 ára	197.861 kr.	eða 62% af byrjunarlaunum

1. jan 2021 - 31. des 2021

18 ára	327.174 kr.	eða 95% af byrjunarlaunum
17 ára	305.387 kr.	eða 89% af byrjunarlaunum
16 ára	288.230 kr.	eða 84% af byrjunarlaunum
15 ára	243.623 kr.	eða 71% af byrjunarlaunum
14 ára	212.741 kr.	eða 62% af byrjunarlaunum

1. jan. 2022 - 31. mars 2022

18 ára	352.174 kr.	eða 95% af byrjunarlaunum
17 ára	327.637 kr.	eða 89% af byrjunarlaunum
16 ára	309.230 kr.	eða 84% af byrjunarlaunum
15 ára	261.373 kr.	eða 71% af byrjunarlaunum
14 ára	228.241 kr.	eða 62% af byrjunarlaunum

3. gr. Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2019 kr. 92.000

Á árinu 2020 kr. 94.000

Á árinu 2021 kr. 96.000

Á árinu 2020 kr. 98.000

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019 verði orlofsuppbót kr. 50.000

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 verði orlofsuppbót kr. 51.000

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 verði orlofsuppbót kr. 52.000

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 verði orlofsuppbót kr. 53.000

Heimilt er þó að greiða desember- og orlofsuppbót jafnharðan óski starfsmaður eftir því, enda sé gengið frá því í ráðningarsamningi. Ofan á mánaðarlaun kemur þá hlutfall af desember- og orlofsuppbót miðað við fullt starf 173,33 klst. á mánuði sem gerir:

	Desemberuppbót á dagvinnustund	Orlofsuppbót á dagvinnustund	Samtals
2019	51,11	27,78	78,89
2020	52,22	28,33	80,56
2021	53,33	28,89	82,22
2022	54,44	29,44	83,89

Við starfslok skal gera upp áunna desember- og orlofsuppbót starfsmanns.

Um greiðslu orlofs- og desemberuppbóta vísar að öðru leyti til kjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

4. gr. Orlof

Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar miðað við fullt starf allt árið. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupí, hvort sem er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu.

Starfsmaður, sem unnið hefur 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein, skal eiga rétt á orlofi í 25 virka daga og orlofslaunum sem nema 10,64%. Með sama hætti öðlast verkafólk, sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki, 30 daga orlofsrétt og 13,04% orlofslaun.

Um orlof vísast að öðru leyti til aðalkjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var þann 29. maí 2015.

5. gr. Bústjóri/Staðgengilsstörf

Sé starfsmanni falin ábyrgð á búrekstri skal samið við hann sérstaklega um kaup og kjör.

Leysi starfsmaður yfirmann af tímabundið skal samið um þóknun fyrir aukna ábyrgð. Hér er t.d. átt við afleysingar, s.s. vegna sumarleyfa eða veikinda yfirmanna.

6. gr. Vinna unglinga á vinnuvélum og tækjum

Vinnuveitandi ábyrgist að fela unglingi einungis störf sem hann hefur aldur, færni og réttindi til að leysa af hendi. Hann skal gera unglingnum ljósa grein fyrir slysa- og sjúkdómahættu sem kann að fylgja starfinu og sjá um að starfsmaður fái nauðsynlega leiðsögn og þjálfun í að vinna störf sín á þann hátt að honum starfi ekki hætta af.

Unglingar skulu hafa sótt námskeið í meðferð og stjórnun þeirra vinnuvéla sem þeim er falið að vinna á. Um vinnu barna og unglinga gildir reglugerð nr. 426/1999.

7. gr. Frídagar

Starfsmaður á rétt á 8 frídögum á mánuði, þar af a.m.k. tvívegis um helgi. Að öðru leyti vísast í lög og reglur um vinnu og hvíldartíma starfsmanna.

8. gr. Fæði og húsnæði

Að jafnaði skulu starfsmenn búa í eins manns herbergjum. Herbergi skulu vera nægilega rúmgóð og læsanleg með góðri loftræstingu og vel upphituð. Í hverju herbergi skal, auk almenns búnaðar, vera lesljós yfir svefnstæði og myrkvunar–gluggatjöld. Hver starfsmaður skal hafa læsta geymslu fyrir föt og aðra persónulega muni, aðgang að bað- og hreinlætisaðstöðu, hlífðarfatageymslu og aðstöðu til þurrkunar á vinnufatnaði. Húsnæði skal hafa hlotið samþykki byggingarnefndar sem íbúðarhúsnæði.

Húsnæði skal vera þannig gert og viðhaldið, umgengið og þrifið að þeir sem þar dveljast og starfa hljóti ekki heilsutjón eða óþægindi af, sbr. og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og rgl. nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Hafi starfsmaður fæði, húsnæði og þjónustu á viðkomandi búi, skal samið um endur–gjald í ráðningarsamningi og dregst sá kostnaður frá útborguðum launum. Sömu reglur gilda ef starfsmaður/ráðskona er með barn/börn á sínum vegum á viðkomandi búi, 12 ára og yngri.

Hámarksendurgjald fyrir þessa þjónustu skal koma fram í útgefnum kauptöxtum á hverjum tíma, sjá fylgiskjal II.

9. gr. Starfsmenntun

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að auka starfsmenntun þeirra sem falla undir samninginn. Hvor aðili um sig skal skipa tvo menn í nefnd sem ætlað verði að framfylgja þessu ákvæði. Atvinnurekandi skal greiða 0,3% af launum starfsmanna í starfsmenntagjald til Landsmenntar, fræðslusjúðs verkafólks og atvinnurekenda á landsbyggðinni.

10. gr. Aðbúnaður og öryggi á vinnustað

Vinnuveitandi skal leggja starfsmönnum til vinnufatnað og skófatnað eftir þörfum og eðli vinnunnar.

Um öryggisbúnað, aðbúnað og hollustuhætti er að öðru leyti vísað til 7. kafla aðal-kjara-samnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerða og reglna sem af þeim leiða.

11. gr. Ráðningarsamningur

Gera skal skriflega ráðningarsamninga við alla starfsmenn sem ráðnir eru samkvæmt samningi þessum, innan mánaðar frá ráðningu, enda standi ráðning þeirra lengur en einn mánuð. Breytingar á ráðningarkjörum skal staðfesta með sama hætti.

Í ráðningarsamningi skal koma fram ef sérstaklega er samið um vinnutíma, sbr. 2. gr. Þannig skal í ráðningarsamningi tilgreint og útfært sérstaklega ef um hlutavinnu er að ræða eða ef skipulag búreksturs krefst þess að samið sé um rofinn vinnutíma. Orlofs- og desemberuppbót skal greidd í samræmi við starfshlutfall starfsmanns. Sé samið um rofinn vinnutíma skerðir það ekki rétt til orlofs- og desemberuppbótar.

Um innihald ráðningarsamninga vísast að öðru leyti til aðalkjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var 29. maí 2015.

12. gr. Endurhæfingarsjóður

Atvinnurekandi skuldbindur sig til að greiða sérstakt 0,13% launatengt gjald, endurhæfingargjald, á sama stofn og iðgjald til lífeyrissjóða, frá 1. júní 2008. Að öðru leyti vísast til yfirlýsingar SA og ASÍ um Endurhæfingarsjóð frá 17. febrúar 2008.

13. gr. Um ágreining

Verði ágreiningur um mál, sem rísa af samningi þessum, skal honum vísað til lausnar hjá Bændasamtökum Íslands og Starfsgreinasambands Íslands.

14. gr. Önnur atriði

Ákvæði aðalkjarasamninga Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaðir voru þann 3. apríl síðastliðinn gilda um réttindi og skyldur vinnuveitenda og starfsmanna að öðru leyti en kveðið er á um í samningi þessum. Þar með talið almennar launabreytingar.

Almenn hækkun á mánaðarlaunum fyrir fullt starf

- 1. apríl 2019 17.000 kr. á mánuði
- 1. apríl 2020 18.000 kr. á mánuði
- 1. janúar 2021 15.750 kr. á mánuði
- 1. janúar 2022 17.250 kr. á mánuði

15. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 3. apríl 2019 til 31. mars 2023 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Fylgiskjal I

Undir búrekstur fellur hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylrækt. Einnig eftirfarandi starfsemi, fari hún fram á lögbýlum: Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla og þjónusta.

Fylgiskjal II

Aðilar framangreinds samnings eru sammála um að hámarksgreiðsla fyrir fæði og húsnæði skuli á samningstímabilinu vera sem hér segir:

Fjárhæðir þessar skiptast þannig:

Fæði: 63%

Húsnæði: 37%

1. apríl 2019 - 31. maí 2020

	Fæði kr./dag	Húsnæði kr./dag	Samtals kr./dag
18 ára og eldri	1.576	925	2.501
16-17 ára	1.191	700	1.891
15 ára	1.012	594	1.606
14 ára	952	559	1.511

Hámarksfrádráttur vegna barna ráðskonu/starfsmanna 0-13 ára:

		kr./dag
eitt barn	Fæði og húsnæði	852
tvö börn	Fæði og húsnæði	1.396
þrjú börn	Fæði og húsnæði	1.925

1. apríl 2020 - 31. des 2020

	Fæði kr./dag	Húsnæði kr./dag	Samtals kr./dag
18 ára og eldri	1.576	925	2.501
16-17 ára	1.221	717	1.938
15 ára	1.037	609	1.647
14 ára	976	573	1.548

Hámarksfrádráttur vegna barna ráðskonu/starfsmanna 0-13 ára:

		kr./dag
eitt barn	Fæði og húsnæði	873
tvö börn	Fæði og húsnæði	1.431
þrjú börn	Fæði og húsnæði	1.973

1. jan 2021 - 31. des 2021

	Fæði kr./dag	Húsnæði kr./dag	Samtals kr./dag
18 ára og eldri	1.655	972	2.628
16-17 ára	1.252	735	1.987
15 ára	1.063	624	1.688
14 ára	1.000	587	1.587

Hámarksfrádráttur vegna barna ráðskonu/starfsmanna 0-13 ára:

		kr./dag
eitt barn	Fæði og húsnæði	895
tvö börn	Fæði og húsnæði	1.467
þrjú börn	Fæði og húsnæði	2.022

1. jan. 2022 - 31. mars 2022

	Fæði kr./dag	Húsnæði kr./dag	Samtals kr./dag
18 ára og eldri	1.697	972	2.669
16-17 ára	1.283	735	2.018
15 ára	1.090	624	1.714
14 ára	1.025	587	1.612

Hámarksfrádráttur vegna barna ráðskonu/starfsmanna 0-13 ára:

		kr./dag
eitt barn	Fæði og húsnæði	917
tvö börn	Fæði og húsnæði	1.503
þrjú börn	Fæði og húsnæði	2.073

Launaflokkur 10

1. apríl 2019 - 31. Mars 2020

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	295.131	297.237	299.376	301.546
Dagvinnulaun	1.702,71	1.714,86	1.727,20	1.739,72
Yfirvinnulaun	3.064,94	3.086,81	3.109,02	3.131,56
Stórhátíðarkaup	4.058,05	4.087,01	4.116,42	4.146,26

1. apríl 2020 - 31. des 2020

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	319.131	321.237	323.376	325.546
Dagvinnulaun	1.841,18	1.853,33	1.865,67	1.878,19
Yfirvinnulaun	3.314,18	3.336,05	3.358,26	3.380,80
Stórhátíðarkaup	4.388,05	4.417,01	4.446,42	4.476,26

1. jan 2021 - 31. des 2021

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	343.131	345.237	347.376	349.546
Dagvinnulaun	1.979,64	1.991,79	2.004,13	2.016,65
Yfirvinnulaun	3.563,42	3.585,29	3.607,50	3.630,04
Stórhátíðarkaup	4.718,05	4.747,01	4.776,42	4.806,26

1. jan. 2022 - 1. nóv 2022

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Mánaðarlaun	368.131	370.237	372.376	374.546
Dagvinnulaun	2.123,87	2.136,02	2.148,36	2.160,88
Yfirvinnulaun	3.823,04	3.844,91	3.867,12	3.889,66
Stórhátíðarkaup	5.061,80	5.090,76	5.120,17	5.150,01

Launaflokkur 11 viðurkennt nám að lágmarki 40 klst./60 kest. (5 einingar)**1. apríl 2019 - 31. mars 2020**

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Dagvinnulaun	1.714,86	1.727,20	1.739,72	1.752,43
Yfirvinnulaun	3.086,81	3.109,02	3.131,56	3.154,43
Mánaðarlaun	297.237	299.376	301.546	303.749

1. apríl 2020 - 31. des 2020

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Dagvinnulaun	1.853,33	1.865,67	1.878,19	1.890,90
Yfirvinnulaun	3.336,05	3.358,26	3.380,80	3.403,67
Mánaðarlaun	321.237	323.376	325.546	327.749

1. jan 2021 - 31. des 2021

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Dagvinnulaun	1.991,79	2.004,13	2.016,65	2.029,36
Yfirvinnulaun	3.585,29	3.607,50	3.630,04	3.652,91
Mánaðarlaun	345.237	347.376	349.546	351.749

1. jan. 2022 - 1. nóv 2022

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Dagvinnulaun	2.136,02	2.148,36	2.160,88	2.173,59
Yfirvinnulaun	3.844,91	3.867,12	3.889,66	3.912,54
Mánaðarlaun	370.237	372.376	374.546	376.749

Launaflokkur 12 viðurkennt nám að lágmarki 80 klst./120 kest. (10 einingar)**1. apríl 2019 - 31. mars 2020**

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Dagvinnulaun	1.727,20	1.739,72	1.752,43	1.765,33
Yfirvinnulaun	3.109,02	3.131,56	3.154,43	3.177,65
Mánaðarlaun	299.376	301.546	303.749	305.985

1. apríl 2020 - 31. des 2020

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Dagvinnulaun	1.865,67	1.878,19	1.890,90	1.903,80
Yfirvinnulaun	3.358,26	3.380,80	3.403,67	3.426,89
Mánaðarlaun	323.376	325.546	327.749	329.985

1. jan 2021 - 31. des 2021

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Dagvinnulaun	2.004,13	2.016,65	2.029,36	2.042,26
Yfirvinnulaun	3.607,50	3.630,04	3.652,91	3.676,13
Mánaðarlaun	347.376	349.546	351.749	353.985

1. jan. 2022 - 1. nóv 2022

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Dagvinnulaun	2.148,36	2.160,88	2.173,59	2.186,49
Yfirvinnulaun	3.867,12	3.889,66	3.912,54	3.935,76
Mánaðarlaun	372.376	374.546	376.749	378.985

Launaflokkur 17 viðurkennt nám á framhaldsskólastigi í búfræði, fiskeldi eða tamningum:**1. apríl 2019 - 31. maí 2020**

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Dagvinnulaun	1.791,73	1.805,22	1.818,91	1.832,80
Yfirvinnulaun	3.225,17	3.249,45	3.274,10	3.299,11
Mánaðarlaun	310.560	312.898	315.272	317.680

1. apríl 2020 - 31. des 2022

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Dagvinnulaun	1.930,19	1.943,68	1.957,38	1.971,27
Yfirvinnulaun	3.474,41	3.498,69	3.523,34	3.548,35
Mánaðarlaun	334.560	336.898	339.272	341.680

1. jan 2021 - 31. des 2021

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Dagvinnulaun	2.068,66	2.082,14	2.095,84	2.109,73
Yfirvinnulaun	3.723,65	3.747,93	3.772,58	3.797,59
Mánaðarlaun	358.560	360.898	363.272	365.680

1. jan. 2022 - 1. nóv 2022

	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
Dagvinnulaun	2.212,89	2.226,38	2.240,07	2.253,97
Yfirvinnulaun	3.983,27	4.007,55	4.032,20	4.057,21
Mánaðarlaun	383.560	385.898	388.272	390.680

Bókun

Samningsaðilar eru sammála um að fjögurra manna nefnd um fræðslumál starfsmanna í landbúnaði starfi á samningstímanum. Bændasamtök Íslands tilnefni tvo fulltrúa og Starfsgreinasamband Íslands tvo fulltrúa.

Nefndinni er ætlað að fylgjast með framboði á námskeiðum fyrir landbúnaðarverkamenn og koma með tillögum um úrbætur telji nefndin ástæðu til þess. Þá skal nefndin einnig ræða hvort meta eigi samþykkt námskeið til launahækkana.

Bókun

Samningsaðilar munu á samningstímanum hafa samstarf um að þróa og innleiða aðferðir til vottunar á því að einstaka fyrirtæki / vinnuveitendur gangi að fullu fram í samræmi við gerða kjarasamninga og góða starfshætti.

Vottunin er ætluð til staðfestingar fyrir þá vinnuveitendur sem standa rétt og vel að greiðslu launa og öðrum þeim þáttum sem lýst er í kjarasamningum og falla undir hlutverk vinnuveitenda.

Með þeirri hvatningu sem í vottuninni felst er ætlunin að staðfesta siðlega framgöngu þeirra sem vel gera og hvetja til framfara þá sem betur geta gert. Þannig verða fyrirtæki sem vel ganga fram eftirsóknarverðari vinnustaðir og viðskiptavinir upplýstir um að viðkomandi fyrirtæki / vinnuveitendur haldi í heiðri kjarasamninga við framleiðslu vöru sinnar og þjónustu.



**Starfsgreinasamband
Íslands**

STARFSGREINASAMBAND ÍSLANDS | GUÐRÚNARTÚNI 1 | 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 562 6410 | SGS@SGS.IS | WWW.SGS.IS